

## Erindisbréf

### Starfshópur um dagdvöl fyrir heilabílaða

#### Hlutverk:

Meginverkefni starfshópsins er að leggja fram hugmyndir um húsnæði sem hentar dagdvöl fyrir heilabílaða í sveitarfélaginu. Starfshópurinn skal vera í samvinnu við Alzheimer-samtökin um uppbyggingu og rekstur dagdvalar. Starfshópurinn skal jafnframt ítreka erindi sveitarfélagsins til velferðarráðuneytisins um fjölgun dagdvalarrýma.

Starfshópurinn starfar í umboði Fjölskylduráðs.

#### Skipulag:

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en í lok október sbr. bókun Fjölskylduráðs frá 31. ágúst 2018. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Fundargerðir skal senda Fjölskylduráði til kynningar.

#### Fulltrúar í starfshópnum:

Fjölskylduráð hefur skipað eftirtalda aðila í starfshópinn:

Valdimar Víðisson, fulltrúi meirihluta

Erla Sigríður Ragnarsdóttir, fulltrúi meirihluta

Auðbjörg Ólafsdóttir, fulltrúi minnihluta

Starfsmaður starfshópsins er sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.

#### Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í Fjölskylduráði 14. september 2018.